

SKIPTIR SAMFÉLAGSÁBYRGÐ MÁLI UM REKSTRARNIÐURSTÖÐU FYRIRTÆKJA?

Félag atvinnurekenda boðar til félagsfundar í húsnæði félagsins í Húsi verzlunarinnar kl. 8.30 – 10.00 fimmtudagsmorguninn 20. nóvember.

Efni fundarins er samfélagsábyrgð og þýðing hennar í rekstri fyrirtækja, stórra og smárra. Æ fleiri fyrirtæki gefa samfélagsábyrgð sérstakan gaum og skila árlegri samfélagsskýrslu. Skiptir það raunverulega máli fyrir reksturinn?

Frummælendur:

Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu:

Rekstur í sátt við samfélagið: Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Svanhildur Sigurðardóttir, samskipta- og samfélagsstjóri Ölgerðarinnar:

Samfélagsábyrgð og hagkvæmni

Fundarstjóri er Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA



Ketill Berg Magnússon er framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja og stundakennari í siðfræði og samfélagsábyrgð við Háskólann í Reykjavík. Hann hefur áður meðal annars verið mannauðsstjóri Símans/Skipta og stjórnendaráðgjafi hjá Skref fyrir skref. Ketill er með MA próf í heimspeki og rekstrarhagfræðingur, MBA.



Svanhildur Sigurðardóttir er samskipta- og samfélagsstjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar. Þar hefur hún unnið að innleiðingu samfélagsábyrgðar með sérstöku tilliti til þátttöku starfsmanna. Áður starfaði hún hjá Auði Capital sem skrifstofustjóri sem hafði einnig umsjón með verkefnum tengdum samfélagsábyrgð. Svanhildur er með BA í stjórn málafræði og diplóma í markaðssamskiptum og almannatengslum frá Opna háskólanum.

Morgunverður er í boði á fundinum.

Skráning er á vef FA, www.atvinnurekendur.is